

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjald í þéttbýli í Bláskógabyggð.

1. gr.

Almenn heimild.

Af öllum nýbyggingum, svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum í þéttbýli, skal greiða gatnagerðargjald til sveitarsjóðs samkvæmt samþykkt þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

2. gr.

Ráðstöfun gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í þéttbýli á Laugarvatni, Laugarási og Reykholti í Bláskógabyggð, svo og til viðhalds gatna og annarra gatnamannvirkja.

Tengi- og heimæðargjöld eru innheimt sérstaklega og ekki innifalin í gatnagerðargjaldi.

3. gr.

Grunnur gatnagerðargjalds.

a) Gatnagerðargjald vegna nýrra lóða eftir gildistöku þessarar gjaldskrár.

Gatnagerðargjald er reiknað út frá margfeldi lóðarstærðar (í fermetrum) og hámarks nýtingarhlutfalli lóðar og byggingarkostnaði vísitöluhúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir miðað við byggingarvísitölu 403,1 stig í apríl 2008.

Húsgerð	Hlutfall	Einingarverð/m ² m.v. hámarksnýt- ingarhlutfall kr.*	Lágmarks- gjald kr.**	Hámarks- gjald kr.**
Einbýlishús með/án bílgeymslu	8,0%	10.031	3.900.000	4.900.000
Parhús með/án bílgeymslu	7,5%	9.404	2.900.000	3.900.000
Raðhús með/án bílgeymslu	7,0%	8.776	2.000.000	3.000.000
Fjölbýlishús með/án bílgeymslu	4,5%	5.643	4.000.000	5.000.000
Verslunar-, þjónustu- og annað húsnæði	5,5%	6.897	2.500.000	6.000.000
Iðnaðarhúsnæði	2,0%	2.507	2.500.000	6.000.000
Hesthús	4,0%	5.015	1.500.000	2.500.000
Gróðurhús og fl. tengt land- búnaði	0,5%	625	3.000.000	6.000.000

*Verð breytist með byggingarvísitölu, viðmið 403,1 stig í apríl 2008.

** Verð breytist með byggingarvísitölu, viðmið 403,1 stig í apríl 2008. Lágmark skal þó aldrei vera hærra en skv. 4. gr. laga nr. 153/2006.

b) Gatnagerðargjald vegna lóða sem úthlutað hefur verið fyrir 1. mars 2007.

Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands

á grundvelli laga nr. 42/1987. Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir miðað við byggingarvísitölu 403,1 stig í apríl 2008.

Húsgerð	Hlutfall	Einingarverð/m ² húss kr.*	Lágmarksgjald/lágmarks- stærð kr.**
Einbýlishús með bílgeymslu	8,5%	10.658	1.570.240 m.v. 160 m ²
Parhús með bílgeymslu	7,5%	9.404	996.208 m.v. 115 m ²
Raðhús með bílgeymslu	7,0%	8.776	848.554 m.v. 105 m ²
Fjölbýlishús með bílgeymslu	4,0%	5.027	530.885 m.v. 115 m ²
Verslunar-, þjónustu- og annað húsnæði	3,5%	5.805	Ekkert lágmarksgjald
Iðnaðarhúsnæði	3,0%	4.402	Ekkert lágmarksgjald
Hesthús	3,0%	4.402	Ekkert lágmarksgjald
Gróðurhús og fl. tengt landbúnaði	1,0%	1.887	Ekkert lágmarksgjald

* Verð breytist með byggingarvísitölu, viðmið 403,1 stig í apríl 2008.

** Verð breytist með byggingarvísitölu, viðmið 403,1 stig í apríl 2008. Lágmark skal þó aldrei vera hærra en skv. 4. gr. laga nr. 153/2006.

c) Flatarmál byggingar skal reikna eftir ÍST 50. Af endurbyggingu þaka íbúðarhúsa, án aukningar á nýtingu skal ekki greiða gatnagerðargjald.

d) Fyrir lagnakjallara og glerskála með gegnsæju þaki greiðist ekki gatnagerðargjald.

e) Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins (125.376 kr./m², byggingarvísitala 403,1 stig í apríl 2008).

4. gr.

Greiðsluskilmálar.

Heimilt er að haga greiðslu gatnagerðargjalds sem hér segir: Innan eins mánaðar frá lóðarveitingu skal greiða 20% af gatnagerðargjaldi, 40% innan 6 mánaða og 40% þegar lokið er lagningu bundins slitlags á viðkomandi götu. Að öðru leyti vísast til 5. greinar úthlutunarreglna lóða í Bláskógabyggð.

5. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

- Ef lóðarhafi skilar lóð sem úthlutað hefur verið eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
- Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Gatnagerðargjald endurgreiðist innan 30 daga ef lóðarhafi skilar lóð sem honum hefur verið úthlutað eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð sbr. a) lið 1. mgr. eða ef byggingarleyfi felur úr gildi sbr. b) lið 1. mgr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt verðbætt miðað við vísitölu neysluverðs frá greiðsludegi til endurgreiðsludags, án vaxta.

Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar skal stuðst við 9. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

6. gr.

Afturköllun lóðarúthlutunar, og heimild til afturköllunar byggingarleyfis, ef gatnagerðargjald er ekki greitt.

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskyldum tíma og er sveitarstjórn þá heimilt að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun og skal kveða svo á í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

Hafi teikningar af fyrirhuguðu húsi ekki borist byggingarnefnd til samþykktar innan 6 mánaða frá úthlutun lóðar, fellur lóðarúthlutun úr gildi og endurgreiðast þá gatnagerðargjöld samkvæmt 5. gr. a-lið.

Varðandi frest til framkvæmda vísast til 10. greinar úthlutunarreglna lóða í Bláskógabyggð frá 4. október 2005.

7. gr.

*Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.
Lögveðsréttur.*

Lóðarhafi leigulóðar og eigandi eignarlóðar ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

8. gr.

Áfangaskipting framkvæmda.

Í þeim tilvikum að lóðarhafi eða lóðareigandi ætla að byggja í áföngum, getur sveitarstjórn heimilað áfangaskiptingu gatnagerðargjalds og skal þá gatnagerðargjald hverju sinni vera skv. gjaldskrá sem í gildi er þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið.

Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í umsókn um úthlutun lóðar að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum.

Verði áfangaskipting heimiluð falla áætluð gjöld í gjalddaga í samræmi við samþykktu áfangaskiptingu eða samþykktir sveitarstjórnar.

9. gr.

Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjald.

Samningar um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við sveitarfélagið (eða sveitarfélög fyrir sameiningu í Bláskógabyggð árið 2002) fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjald, sem hreppsnefndir hafa sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu, sbr. 2. tölulið í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 153/2006, nema aðilar séu um annað sáttir.

10. gr.
Gildistaka.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 18. júní 2008 skv. heimild í lögum nr. 153/2006 um gatnagerðargjald.

Samþykktin öðlast gildi frá og með 1. júlí 2008 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 632/2007 um sama efni.

Bláskógabyggð, 18. júní 2008.

Margeir Ingólfsson, oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 30. júní 2008